

## Samþykkt fyrir Hverfisráð Reykjavíkurborgar

### *Umboð*

#### **1. gr.**

Hverfisráð starfa í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Hverfisráð starfa í eftirfarandi hverfum Reykjavíkurborgar, sbr. samþykkt borgarráðs um hverfaskiptingu í Reykjavík frá 16. júní 2003, með breytingum samþykktum í borgarráði 21. september 2006 og í borgarstjórn 3. nóvember 2009: Vesturbæ, Miðborg, Hlíðum, Laugardal, Háaleitis- Bústaðahverfi, Breiðholti, Árbæ, Grafarvogi, Kjalarnesi og Grafarholti - Úlfarsárdal.

Í Miðborg er félagið Miðborg Reykjavíkur jafnframt vettvangur samráðs og samstarfs atvinnurekenda, íbúa, félagasamtaka og borgaryfirvalda um málefni miðborgarinnar, sbr. nánar ákvæði samþykktar félagsins.

### *Verksvið*

#### **2. gr.**

Hverfisráð skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þeirra. Þá geta hverfisráð gert tillögur um samræmingu á þjónustu borgarstofnana í einstökum hverfum.

#### **3. gr.**

Hverfisráð eru vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda, og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum.

Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnana í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni. Hverfisráð skulu fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagi er snerta hverfið og opinberar auglýsingar umhverfisviðs er varða hverfið, auk kynninga á stærri framkvæmdum og meginbreytingum á þjónustu.

Hverfisráð geta gert tillögur til stjórnar Eignasjóðs um forgangsöröðun framkvæmda í hverfinu.

### *Skipan*

#### **4. gr.**

Hverfisráð eru skipuð 5 fulltrúum kosnum af borgarstjórn og jafn mörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna nefndarmanna. Hverfisráð skipta að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil hverfisráða er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslistar, sem fulltrúa eiga í borgarstjórn en ekki í hverfisráðum, geta tilnefnt áheyrnarfulltrúa í hvert hverfisráð með málfrelsi og tillögurétt. Þá geta hverfisráð tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa félagasamtaka í hverfunum með málfrelsi og tillögurétt.

Hverfisráð geta í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

#### *Verkstjórn og verkaskipting*

##### **5. gr.**

Formenn hverfisráða eru í forsvari fyrir þau um stefnumótun og ákvarðanir þeirra eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva bera ábyrgð á rekstrarkostnaði og framkvæmd ákvarðana hverfisráðanna.

#### *Boðun funda og fundarsköp*

##### **6. gr.**

Hverfisráð skulu að jafnaði halda fundi mánaðarlega. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður hverfisráðs boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara, og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, eftir því sem við á.

Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar, eða staðgengill hans, skal sitja fundi hverfisráðs með málfrelsi og tillögurétt. Einnig geta hverfisráð boðað stjórnendur borgarstofnana í hverfinu eða aðra þá til fundar, sem þau telja þörf á hverju sinni.

#### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

##### **7. gr.**

Fundir hverfisráða eru að jafnaði opnir fulltrúum íbúasamtaka og skal þá gera ráð fyrir sérstökum dagskrárlið; fyrirspurnir og athugasemdir frá íbúasamtökum. Fyrirspurnir og athugasemdir má senda framkvæmdastjóra fyrirfram eða bera fram á fundinum.

3. nóvember 2009

Við sérstakar aðstæður er heimilt að boða til fundar án nærveru fulltrúa íbúasamtaka. Sama gildir um einstaka dagskráliði. Er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Hverfisráð skulu halda gerðarbækur og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Þjónustumiðstöðvar sjá um skrifstofuhald fyrir ráðin og leggja þeim til fundarritara.

*Opnir fundir*

**8. gr.**

Hverfisráð skulu halda opna fundi með íbúum einu sinni á ári hið minnsta.

*Gildistaka*

**9. gr.**

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir hverfisráð frá 19. júní 2003, með síðari breytingum.

*Samþykkt í borgarstjórn 15. janúar 2008, með breytingum  
samþykktum 3. mars og 3. nóvember 2009*